

- Margbættar athugasemdir bárust frá **Bjarna M. Jónssyni**, eiganda að jörðunum Sælbóli I og II og ennfremur jörðinni Álfadal á Ingjaldssandi. Athugasemdirnar lutu að eftirfarandi atriðum:
 - i. Tiltekið er í athugasemdinni að ekki hafi verið haft samráð við Bjarna við uppbyggingu og rekstur á sjókvíum í Önundarfirði.
 - ii. Gerð er athugasemd um að ákvörðun netalaga sé samkvæmt lögum skilgreind á tvennan hátt. Annars vegar út frá fjarlægð, þ.e. 115 metra frá stórstraumsfjöruborði, [skerjum og eyjum](#) og hins vegar dýpt, þ.e. 8 metra dýpi á stórstraumsfjöru. Eldið verði að samrýmast þessu. [Dýptarviðmiðið á við allt sem tengist fiski og fiskveiðum](#).
 - iii. Tiltekið er að ekki liggi fyrir grunnrannsóknir eða þær séu ófullnægjandi á lífríkinu á fyrirhuguðum svæðum, hvorki á sjávargróðri, dýralífi í sjónum né fjörunni og ánum sem renna út í fjörðinn.
 - iv. Áhyggjur eru af því hvort kvíar séu nægilega traustar til að þola aftakaveður. [Þar sem staðsetning þeirra er fyrir opnu hafi](#).
 - v. Bent er á veiði í Sandsá. Í ánni sé veiddur sjóbirtingur, bleikja og urriði. Sagt er að í umsókn komi fram að veiðifélag sé ekki fyrir ána. Bjarni telur að slíkt eigi ekki að skipta máli. Sandsá (heitir einnig Langá) sé uppeldisstöð fyrir góðan stofn af sjóbirtingi.
 - vi. Gerð er athugasemd um að ísrek geti fyllt fjörðinn á örskotsstundu. Hann berist hratt inn fjörðinn og komi oftast að óvörum. [Þarna er átt við hafís](#).
 - vii. Áhyggjur eru af uppbyggingu ferðapjónustu að Sæbóli. Upplifun ferðamanna byggist á að njóta náttúrunnar á afskekktum stað. [Útsýni frá Sæbóli með eldiskvíar í forgrunni spillir þessari upplifun](#). Ferðamenn fari í fjöruna og fjörugróður og kræklingur sé týndur og matreiddur.
 - viii. Eldissvæði C og B eru sögð vera á grásleppumiðum, þar sem veiðar eru stundaðar á hverju vori. Einnig sé stunduð handfæra- og línuveiði. Steinbítur leiti inn á í firði til að fita sig og éti kúskel, krossfisk og ígulker [sem nóg er af í firðinum í dag en hætta á að breyting verði á því við jafn mengandi starfsemi og fiskeldi er](#).